Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ár 2026, föstudaginn 13. nóvember, var haldinn 50. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og aðalfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SSH). Fundurinn var haldinn í Friðrikssal í Bókasafni Hafnarfjarðar og hófst kl. 12:45. Fundarmenn eru tilgreindir í meðfylgjandi nafnalista.

Þetta gerðist:

1. Setning aðalfundar

Hildur Björnsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkur og formaður stjórnar SSH, setti fund, bauð gesti velkomna og stýrði kjöri fundarstjóra.

Karólína Helga Símonardóttir, var kjörin fundarstjóri og tók hún við stjórn fundarins og stýrði kjöri fundarritara.

Fundarritari var kjörinn Sigurður Nordal.

2. Aðalfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

1. ***Skýrsla stjórnar um liðið starfsár***

   Hildur Björnsdóttir formaður stjórnar SHS.

2. ***Framtíðaruppbygging SHS***

   Birgir Finnsson settur slökkviliðsstjóri.

3. ***Verkefni og áskoranir forvarnasviðs SHS***

   Aldís Rún Lárusdóttir, sviðstjóri forvarnasviðs og settur varaslökkviliðsstjóri.

Opnað var fyrir umræður og fyrirspurnir að loknum erindum. Enginn tók til máls.

Nánar er gerð grein fyrir aðalfundi SHS í sérstakri fundargerð hans.

3. Verkefnaflóra SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH fjallaði um verkefni á vettvangi SSH.

4. Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins

Þorsteinn Hermannsson, framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf., kynnti yfirstandandi verkefni félagsins.

5. Sameiginlegur innkaupavefur sveitarfélaganna

Sigurður Guðjón Jónsson, ráðgjafi hjá COWI, fjallaði um fyrirhugaðan innkaupavef aðildarsveitarfélaga SSH og næstu skref þess verkefnis.

6. Fyrirspurnir og umræður

Því næst var opnað fyrir fyrirspurnir og umræður um erindi framsögumanna. Enginn tók til máls.

7. Fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt 3. gr. samþykkta SSH

1. Lögð fram skýrsla stjórnar SSH um liðið starfsár

Hildur Björnsdóttir formaður stjórnar SSH flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársskýrsla SSH er aðgengileg í fundargögnum.

2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnti framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2025.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur kr. 93.918.574
Rekstrargjöld kr. 98.187.340
Fjármunatekjur kr. 4.055.717
Afkoma ársins kr. -213.049

Efnahagsreikningur

Eignir kr. 120.114.658
Eigið fé kr. 32.436.290
Skammtímaskuldir kr. 87.678.368
Eigið fé og skuldir samtals kr. 120.114.658

Endurskoðaður ársreikningur 2025 er aðgengilegur í fundargögnum.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 lögð fram til samþykktar

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 er aðgengileg í fundargögnum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2027.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 13. nóvember 2026 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2027 til samtakanna verði 180 kr. á hvern íbúa.

Tillagan var samþykkt.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 13. nóvember 2026 að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2027 verði samþykkt.

Tillagan var samþykkt.

4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> Lagt er til að skoðunarmenn verði Róbert Ragnarsson Reykjavíkurborg og Stella Stefánsdóttir Garðabæ.
>
> Lagt er til að endurskoðandi SSH fyrir næsta starfsár verði KPMG endurskoðun.

Tillagan var samþykkt.

8. Önnur mál og umræður

Önnur mál voru ekki á dagskrá.

Því næst var opnað fyrir umræður. Enginn tók til máls.

9. Formannsskipti og fundarslit

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs tók við formennsku í stjórn SSH af Hildi Björnsdóttur borgarstjóra Reykjavíkur.

Ásdís Kristjánsdóttir formaður stjórnar SSH sleit fundi kl. 15:15.

Sigurður Nordal fundarritari

Nafnalisti

Almar Guðmundsson
Anna Ragnheiður Möller
Árni Rúnar Þorvaldsson
Ásdís Kristjánsdóttir
Björg Fenger
Björg Magnúsdóttir
Einar Jóhannes Guðnason
Einar Þorsteinsson
Guðný María Jóhannsdóttir
Hildur Björnsdóttir
Hilmar Gunnarsson
Karólína Helga Thoroddsen
Kristín María Thoroddsen
Líf Magneudóttir
Orri Björnsson
Ólafur Ingi Óskarsson
Róbert Ragnarsson
Sanna Magdalena Mörtudóttir
Sigurþór Ingi Sigurðsson
Sigurþóra Bergsdóttir
Þór Sigurgeirsson
Þórður Þórarinsson